

**Bókun óbyggðanefndar um breytt úrskurðarorð (hvað varðar landsvæði
sunnan Geitlands) í máli nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði,
Geitland og Langjökull, dags. 9. janúar 2017.**

(Leiðrétting skv. 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga.)

Úrskurðarorðin verða að þessu leyti svohljóðandi:

„Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan Geitlands, er þjóð-
lenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Geitá á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs. Þaðan er umræddri kvísl fylgt suður fyrir Prestahnjúk og að jaðri Geitlandsjökuls. Þaðan er farið til suðausturs eftir jökuljaðri Geitlandsjökuls að sveitarfélaga- og sýslumörkum Borgarfjarðar- og Árnassýslna. Þaðan er sveitarfélagamörkunum fylgt í hábungu Þórisjökuls. Þaðan er dregin bein lína til vesturs í vörðu í vesturhlíðum Þórisjökuls. Frá þeim stað er línán dregin um Kaldadal og vatnaskil vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal þar til komið er að upphafspunkti, þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs.“

Allan Vagn Magnússon

Ása Ólafsdóttir

Hulda Árnadóttir